

Gátlisti fyrir herbergjaprif

- ☐ Dragðu gluggatjöld frá og opnaðu glugga til að lofta út.
- ☐ Taktu allan óhreinan þvott og settu hreinan í staðinn.
- ☐ Tæmdu allt rusl.
- ☐ Skiptu út óhreinum glösum fyrir ný. Athugaðu að vínglös þarf að fara yfir og þússa sérstaklega.
- ☐ Yfirfarðu te- og kaffisett:
 - Settu hreina bolla
 - Þrífðu bakka
 - Fylltu á kaffi, te, sykur og mjólk
- ☐ Farðu yfir fataskáp:
 - Þurrkaðu af hillum
 - Athugaðu að allt sé í fataskápnum sem á að vera þar (t.d. herðatré, aukakoddar, teppi, straujárn)
- ☐ Settu alla lausahluti á sinn stað:
 - Bækur og blöð
 - Aukakodda
 - Fjarstýring
- ☐ Búðu vel og fallega um rúmin og raðaðu púðum.
- ☐ Þússaðu alla spegla með hreinum klút og passaðu að skilja ekki eftir tuskuför eða ský.
- ☐ Þrífðu baðherbergi:
 - Þvoðu og sótthreinsaðu handlaug, sturtu/baðkar, blöndurtæki og salernisskál vel með viðeigandi hreinsiefnum og með sitthvorri tuskunni.
 - Þrífðu vel og sótthreinsaðu allt í kringum salernisskálina eins og hægt er
 - Fjarlægðu hár úr niðurföllum/svelgjum
 - Endurnýjaðu og/eða fylltu á allar snyrtivörur, sápur og WC pappír
 - Settu hrein handklæði
 - Þvoðu gólfíð og farðu vel út í öll horn, meðfram og á bak við salernisskál
 - Þrífðu flísar þar sem við á (t.d. í kringum WC og handlaug)
 - Athugaðu að skoða blöndunartækin reglulega með tilliti til kísilmyndana
- ☐ Þurrkaðu af með rökum klút:
 - Borðum
 - Gluggakistum
 - Lömpum
 - Töskugrind
 - Ofan á rúmgafl
 - Sjónvarpi
 - Myndarömmum
 - Hurðum og hurðarhúnum
 - Handföngum
 - Síma
 - Fjarstýringu
- ☐ Ryksugaðu eða moppaðu vandlega yfir gólfíð, farðu vel undir:
 - Stóla
 - Rúm
 - Borð
 - Gardínur
 - Bak við hurð

☐ Farðu yfir og þrífðu önnur tæki eftir þörfum

- Þrífðu og tæmdu ísskáp
- Þrífðu örbylgjuofn
- Farðu yfir minibar og fylltu á

☐ Athugaðu öll ljós, skiptu um perur ef þarf. Ef það er verk húsvarðar þarftu að láta hann vita.

☐ Merktu alla óskilamuni með dagsetningu og herbergjanúmeri og komdu þeim á réttan stað t.d. í móttöku.

- Ef sótthreinsir er ekki í hreinsileginum sem notaður er við þrífinguna er mikilvægt að fara yfir helstu snertifleti með sérstökum sótthreinsi.
- Þegar þú hefur lokið tiltekt og þrífum er góð vinnuregla að líta vel yfir herbergið til að athuga hvort nokkuð hefur gleymst.